

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Sævarhöfða
112 Reykjavík

Reykjavík, 20. september 2021
UST202107-289/S.S.
08.08.01

Efni: Yfirfærsla starfsleyfis - Malbikunarstöðin Höfði

Vísað er til umsóknar Munck Íslandi ehf., kt. 590517-1000 og Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., kt. 581096-2919, dags. 26. júlí 2021, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi til reksturs einnar malbikunarstöðvar að Álhelli 18, Hafnarfirði, útg. 8. júní 2018, af rekstraraðila Munck Íslandi ehf. yfir á nýjan rekstraraðila Malbikunarstöðina Höfða hf. þar sem Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur keypt lóðina að Álhelli 18 í Hafnarfirði af Munck Íslandi ehf. og hyggst halda áfram sömu starfsemi á lóðinni.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sbr. ákvæði gr. 1.1 í starfsleyfinu, sem er breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum. Öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu færast með þessu til Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 8. júní 2034.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Malbikunarstöðinni Höfða hf., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur